

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 468/94****frá 2. mars 1994****um breytingu á VI. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2608/93 <sup>(2)</sup>, einkum 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við 5. mgr. 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 er notkun efna, sem ótalin eru í VI. viðauka óheimil í 12 mánuði eftir að ákvæði VI. viðauka hafa verið ákveðin og gildir þetta einnig um efni sem áður hafa verið heimilud samkvæmt gildandi innlendum ákvæðum.

Tiltekin aðildarríki telja rétt að bæta tilteknum efnum við VI. viðauka og hafa sent framkvæmdastjórninni beiðni um að styðja þá málaleitan.

Í beiðninni kemur fram að tiltekin innihaldsefni sem eru ekki upprunnin í landbúnaði eru afar nauðsynleg til að framleiða og geyma tiltekin matvæli á viðunandi hátt. Efni þessi eru einnig mjög algeng í náttúrunni.

Í beiðninni kemur fram að nauðsynlegt er að bæta tilteknum landbúnaðarafurðum við C-hluta VI. viðauka og þær eru nauðsynlegar vegna þess að svo virðist sem þessar afurðir séu ekki framleiddar samkvæmt lífrænu framleiðsluaðferðinni í nægilegu magni í bandalaginu og því ber að fella út aðrar tilteknar afurðir.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt samkvæmt skilgreiningu í viðaukanum við þessa reglugerð.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 15 dögum eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. mars 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**René STEICHEN**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 59, 3. 3. 1994, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttö. EB nr. L 198, 22. 7. 1991, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttö. EB nr. L 239, 24. 9. 1993, bls. 10.

## VIÐAUKI

1. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á þætti A. 1. (Aukefni í matvælum, þar með talin burðarefni):

- á eftir E 330 (sítónusýra) bætist eftirfarandi efni við:
 

	heiti	sérstök skilyrði
„E 333	Kalsíumsítrat	-“
- á eftir E 336 (kalfúmtartrat) bætist eftirfarandi efni við:
 

	heiti	sérstök skilyrði
„E 341 i)	Mónókalsíumfosfat	lyftiduft fyrir sjálfhefandi hveiti“
- á eftir E 300 (askorbínsýra) bætist eftirfarandi efni við:
 

	heiti	sérstök skilyrði
„E 306	Tókóferólfrukur kjarni	þrávarnarefni í fitu og olíu“
- á eftir E 406 (agar) bætist eftirfarandi efni við:
 

	heiti	sérstök skilyrði
„E 407	Karragenan	-“
- á eftir E 516 (kalsíumsúlfat) bætist eftirfarandi efni við:
 

	heiti	sérstök skilyrði
„E 524	Natríumhýdroxíð	yfirborðsmeðferð Laugengebäck“

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á B-hluta:

- eftirfarandi efni bætast við á eftir „Kalíumkarbónat“:
 

heiti	sérstök skilyrði
„Natríumkarbónat	Sykurframleiðsla
Natríumhýdroxíð	Sykurframleiðsla, meðhöndlun ólífa
Brennisteinssýra	Sykurframleiðsla“
- Í stað sérstöku skilyrðanna „smurnings- eða slípiefni“ vegna efnisins „Jurtaolía“ kemur „smurnings-, slípi- eða froðueyðandi efni“:
- Eftirfarandi efni bætist við á eftir „Heslihnetuhýði“:
 

heiti	sérstök skilyrði
„Hrísmjöl	-“

## 3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á C-hluta:

- Eftirfarandi afurðum er bætt við lið C.1.1. á eftir „hreðkufra“:  
  
Akarn  
Geitasmári  
Akeróla  
Kaffifill
- Eftirfarandi afurðir eru felldar brott í lið C.1.1.:  
Graskersfra
- Eftirfarandi afurðir eru felldar brott í lið C.1.3.:  
Hirsi
- Eftirfarandi afurðum er bætt við í lið C.2.2.: Ávaxtasykur
- Í lið C.2.3. breytist „Edik úr gerjuðum drykkjum öðrum en víni“ í „Annað edik en edik úr víni og eplasafa“.
- Í lið C.3. breytist „Mjólkurduft og undanrennuduft“ í „Súrmjólkurduft“.
- Eftirfarandi afurðum er bætt við í lið C.3.:  
Laktósi